

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Rotþróargjald fyrir árið 2014 skal vera kr. 9.000 og er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 27.000. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 27.000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 12. nóvember 2013, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, tekur þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 20. janúar 2014.*

**Guðný G. Ívarsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2014